



## Stjórnarfundur Grænu orkunnar 17.8.2022

Fundurinn fór fram í Ármula 6, klukkan 8:45-10:00. Mætt voru Ágústa Loftsdóttir, Ásta Þorleifsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, María Jóna Magnúsdóttir og Sigurður Ástgeirsson.

Anna Margrét Kornelíusdóttir ritaði fundinn og Jón Björn Skúlason var einnig viðstaddur.

### 1. Málefnavinna og samskipti við hagaðila

- Icelandair og Isavia – málþing um orkuskipti í flugi

GVS hefur þegar talað við Icelandair varðandi þátttöku í málþingi. Iceair tók að sér að hafa samband við Isavia, LV auk UOL. Stefnt að málþingi í október (samhliða [Arctic Circle](#)). GVS mun fylgja eftir í kjölfar þessa fundar.

Næsta skref: Stilla upp fundi til að kynna GO fyrir Icelandair (GVS).

- Nýskráningar vistvænna bíla hjá bílaleigum

Fundur var haldinn með bílaleigum í júní. Rætt var hvers konar úrræði þyrfti til að styðja við frekari kaup á vv bílum. SVÞ, BGS og SAF sendu frá sér erindi í lok júní til FJR með ósk um fund í lok ágúst mánaðar til að fylgja fundinum eftir. Ívilnanir mun falla niður um mitt næsta ár þegar 20.000. bíllinn selst og því þarf að bregðast við núna. Samkomulag um hvata fyrir bílaleigur til að kaupa vv bíla fellur niður um áramót því þeir hafa þegar fyllt 25% kvóta vistvænna bíla af nýskráningum. Endurtaka þarf fundinn til að ræða aðrar ívilnanir með fulltrúum skattaskrifstofu, t.d. varðandi hleðslu innviði, fjárþörf fyrir fjárfestingar í vistvænum tækjum, þarfir atvinnulífs fyrir ívilnanir eru aðrar en almennings (næsta gerð orkuskipta).

[Skýrsla Hagfræðistofnunar](#) um áhrif aðgerða í loftslagsmálum – GO bregðist við skýrslunni því margt athugasvert kemur fram í skýrslunni sem gæti hægt á orkuskiptum. Ljóst er að UOL og FJR munu nota þessa skýrslu í áframhaldandi áætlanagerð.

Ívilnanir næstu skref fyrir fólksbíla: JBS ræðir fasta upphæð á hvern rafbil sem er á verðbili 4-7 milljónir en dýrari bílar, sem kosta yfir 10 milljónir njóti ekki ívilnana.

[Síðasta úthlutun Orkusjóðs](#) var rædd en hún hefur verið umdeild. Fram kom að matsferli umsókna sé óljóst og að sjóðurinn þyrfti að skoða hvernig verkefni eru valin og hvernig styrkuppþæð er ákvörðuð í matsferlinu.

### 2. Viðburðir 2022

- Ráðstefna um orkuskipti á hafi 29. september 2022 - New technologies for greener shipping

Grand Hotel 29. september hálfur dagur 13:00-16:00. Þemu: orkuskipti, öryggi á sjó, orkunýtni. Vefsíða og skráning fara í loftið fljótlega (Samgöngustofa).

JBS: stutt erindi um tækifæri til styrkumsókna innan Horizon Europe um orkuskipti á sjó.

[SFS verður með fyrirlestur frá DNV um orkuskipti á sjó](#) í byrjun september.

Tillaga um að aðilar sem hafi fengið styrk frá Orkusjóði haldi örfyrirlestra á vegum Grænu orkunnar. GO gæti jafnvel haldið fundi á landsbyggðinni og rafrænt um þessi verkefni.

Tillaga frá ÁP um að fjalla um umhverfisgjöld í höfnum – skoða losunarvísa, jákvæða hvata, sem notaðir eru víða í evrópskum höfnum. Skoða viðburð um það á næsta ári.

### 3. Önnur mál

ÁP nefndi verkefni sem farið er af stað innan innviðaráðuneytisins sem snýr að losun frá samgönguinnviðum og verður nú metin í fyrsta skipti. Vistvænar samgöngur – verkefni svipað [Byggjum grænni framtíð](#) sem hýst var hjá SRN.

Reykjavík, 18. ágúst 2022  
Anna Margrét Kornelíusdóttir